

Efni: Umsögn um Drög að atvinnustefnu Íslands – vaxtarplan til 2035**Dags: 9.12.2025**

Festa - miðstöð um sjálfbærni fagnar drögum að atvinnustefnu Íslands og skýrri framtíðarsýn um að byggja upp fjölbreytt, samkeppnishæft og sjálfbært atvinnulíf. Festa telur sérstaklega mikilvægt að stefnan styðji við þróun hringrásarhagkerfis, nýtingu endurnýjanlegrar orku og efli lausnir sem draga samtímis úr losun og auka verðmætasköpun.

Til að ná fram þeirri framleiðniaukningu, nýsköpun og sjálfbærni sem stefnan kallar eftir er nauðsynlegt að virkja og hraða innleiðingu hringrásarlausna í atvinnulífinu. Þar skiptir máli að greina hvar í regluverki og leyfisferlum eru hindranir en líka hvar er hægt að skapa hvata. Festa getur gegnt lykilhlutverki sem vettvangur þar sem fyrirtæki deila lausnum, dæmisögum og reynslu sem nýtist bæði stjórnvöldum og atvinnulífi við framkvæmd stefnunnar.

Festa styður drög að atvinnustefnu og er tilbúin að vera virkur samstarfsaðili þegar kemur að því að efla hringrásarhagkerfi, miðlun lausna og samstarf atvinnulífs og stjórnvalda um sjálfbæra framtíð.

Fyrir hönd Festu,

Elva Rakel Jónsdóttir framkvæmdastjóri félagsins.